



Fjölbrautaskóli
Suðurlands
Vorönn 2025

ÞÝSK1AA05

Kennari:	Brynja Ingadóttir (brynja@fsu.is)	Sk.st.	BI
----------	-----------------------------------	--------	----

Áfangalýsing:

Þar sem þetta er byrjunaráfangi, er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Strax frá upphafi eru nemendur þjálfaðir í lesskilningi ásamt samskiptaþáttunum tali, hlustun og ritun.

Áhersla er lögð á réttan framburð, uppbyggingu orðaforða og að þjálfna grunnatriði málfræðinnar. Fléttað er inn í kennsluna menningu þýskumælandi landa. Til að þjálfna ofantalin atriði geta m. a. eftirfarandi efnisþættir legið til grundvallar í kennslu:

Kynning á sjálfum sér og öðrum, að heilsa og kveðja, fjölskylda og fjölskyldutengsl, aldur, uppruni, búseta, tómstundir og áhugamál, starf, þjóðerni, lönd og tungumál, enn fremur hús og hóbýli, tölur, dagar, mánuðir, árstíðir og veður.

Aðrir efnisþættir eru matur og drykkur, matarvenjur, máltíðir og innkaup, skoðanir (að líka/mislíka), klukkan og tímasetningar.

Áhersla er lögð á að nemendur tjái sig sem mest á þýsku í töluðu og rituðu máli.

Sérstök áhersla er lögð á að nemendur beri ábyrgð á sínu eigin námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skapandi hugsun.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur
- grundvallarþáttum málkerfisins
- formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lesa ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisisvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi
- beita orðaforða á skýran og sem réttastan hátt hvað varðar málvenjur, framburð, áherslur og hljómfall
- skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfar
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina einfaldar upplýsingar þegar talað er hægt og skýrt
- velja rétt samskiptaform miðað við aðstæður hverju sinni
- vinna úr textum á mismunandi hátt eftir því hver tilgangurinn er með lestri hverju sinni
- átta sig á innihaldi stuttra blaðagreina og texta
- skipuleggja nám sitt og námsaðferðir
- meta vinnulag og framfarir í áfanganum
- vera meðvitaður um hvaða leiðir nýtast best til að tileinka sér þýska tungu

Námsefni:

- **Netzwerk neu A1 (Klett/Langenscheidt)**
- **Lausblaðamappa og laus línustrikuð blöð**
- Ýmis konar ítarefni frá kennara
- Orðabækur www.snara.is, www.dict.cc
- Smáforritið Duolingo
- Gagnvirkar æfingar í Innu.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Tímabil:	Viðfangsefni:	Próf og verkefni:
15. jan. – 16. feb.	Netzwerk neu A1: Kapitel 1 - 2 Ýmis verkefni: Hlustun + lestur + ritun + munnlegt	Kaflapróf: Kapitel 1 Ritunarverkefni og hlustun Munnlegt verkefni/próf
17. feb. – 23. mars (Kátir og Flóafár 19. – 21. Mars)	Netzwerk neu A1: Kapitel 3 Ýmis verkefni: Hlustun + lestur + ritun + munnlegt	Kaflapróf: Kapitel 2 Ritunarverkefni og hlustun Munnlegt verkefni/próf
24. mars – 11. apríl (Páskafri 12. – 21. apríl)	Netzwerk neu A1: Kapitel 4 Ýmis verkefni: Hlustun + lestur + ritun + munnlegt	Kaflapróf: Kapitel 3 Ritunarverkefni og hlustun Munnlegt verkefni/próf
22. apríl – 15. maí.	Netzwerk neu A1: Kapitel 5 Ýmis verkefni: Hlustun + lestur + ritun + munnlegt	Kaflapróf: Kapitel 4 Ritunarverkefni og hlustun Munnlegt verkefni/próf

Í þessum áfanga er símat og ekki lokapróf. Það er því mikilvægt að nemendur sinni náminu vel alla önnina, taki öll próf og skili öllum verkefnum. Unnið er út frá niðurstöðum þeirra að betri vinnubrögðum og aukinni færni í tunumálinu.

Námsmatið byggir á öllum færnisþáttum tungumálsins; **hlustun, lesskilningi, munnlegri færni og ritun**. Eftir hvern kafla í kennslubók verður próf úr málfræði og orðaforða kaflans. Einnig verða hlustunar- og ritunarverkefni og munnleg próf/verkefni sem tengjast efni

kaflanna.

Kennsluefni áfangans (utan kennslu- og verkefnabókar) er aðgengilegt nemendum í Innu. Mikilvægt er að nemendur nýti sér það efni við gerð verkefna og til upprifjunar fyrir próf. Svör við verkefnum vinnubókar eru aðgengileg í Innu.

- Öllum verkefnablöðum skulu nemendur safna og raða í tímaröð í eina möppu.
- Möppuna og kennslubækur eiga nemendur alltaf að hafa með í kennslustundir.
- Missi nemandi af kennslustund ber honum að vinna skv. áætlun í Innu.

Góð mæting, virk þátttaka í kennslustundum og sjálfstæð vinnubrögð eru lykillinn að árangri í námi.

Ef nemandi missir af prófi eða tímaverkefni ber honum að ljúka því í skrap tíma eða semja um tímasetningu þess við kennarann.

Heimanámi skulu nemendur sinna vel.

Námsmat:

Kaflapróf	50%
Ýmis verkefni	35%
Munnleg færni	15%

ATH!

Í þessum áfanga er lagður mikilvægur grunnur að þýskunámi næstu anna. Þess vegna er afar mikilvægt að stunda námið jafnt og vel frá upphafi, því enginn tími gefst til að vinna upp það sem áður hefur verið farið í; stöðugt bætist við orðaforðann og ný málfræðiatríði eru kynnt til sögunnar.

ATH!

Mætingarskylda er bæði í fjarnámi og staðnámi, nema tilkynning berist um annað. Ef kennslustund fellur niður, eru verkefni í Innu sem nemendur eiga að vinna og skila. Nemendur verða að fylgjast vel með í Innu.

ATH!

Nemendur sem verða uppvísir að notkun google translate í ritunarverkefnum fá einkunnina 0 fyrir verkefnið.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 14. janúar 2025

Brynja Ingadóttir